




Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið



## Leikskólinn Vinagerði

2022 – 2023



### Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

## Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra .....	3
2	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022 .....	5
3	Innra mat deildar .....	7
3.1	Innra mat Drekagerðis.....	7
3.2	Innra mat Álfagerði.....	9
3.3	Innra mat Tröllagerði.....	12
4	Innra mat sérkennslu .....	15
4.1	Mat á sérkennslu 2021-2022.....	15
4.2	Umbótaáætlun sérkennslu 2022-2023.....	15
5	Innra mat – fjöltyngd börn .....	16
5.1	Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2023.....	16
5.2	Umbótaáætlun –fjöltyngi 2022-2023 .....	17
6	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla .....	18
7	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	19
8	Foreldrasamvinna.....	19
9	Skipulagsdagar og leikskóladagatal .....	20
10	Fylgigögn .....	21



## Leiðarljós leikskólans

Gleði – gerum hvern dag að degi gleðinnar

Hvatning – hrós, viðurkenning og traust

Nærgætni – umhyggja, virðing og samkennd

### 1 Greinargerð leikskólastjóra

Haustið byrjaði vel og aðlögun í húsið gekk mjög vel á öllum deildum. Starfmannastöðugleiki eykst stöðugt í húsinu og vinnur hér gott og metnaðarfullt starfsfólk. Samstarf á milli deilda hefur aukist til muna og meiri samfella í námi barnanna en áður. Starfsmannakönnunin kom vel út og er starfsánægja mikil.

Sérkennslustjórinn kom til starfa eftir fæðingarorlof og auk hans voru 3 starfsmenn sem sinntu sérkennslu og gekk hún mjög vel.

Við fengum heimsóknir frá öðrum leikskólum bæði hópa og einstaklinga sem alltaf er gaman að taka á móti og kynna starfið. Eins kom hópur af skólustjórnendum frá Spáni sem gaman var að sýna skólann og sjá ánægju þeirra með okkar starf. Spænsku kennararnir hafa sóst eftir samstarfi og erum við að skoða það. Í vor kom svo hópur frá Frakklandi sem var mjög ánægður með allt hér og þau hafa líka mikinn áhuga á frekara samstarfi og eru tilbúin að taka á móti okkur.

Í vetur vorum við í samstarfi við Grasagarð Reykjavíkur eins og áður og börnin gróðursettu túlipana um haustið og vitjuðu þeirra að vori.

Farið er með börnin reglulega í Húsdýra- og fjölskyldugarðinn bæði á námskeið og í heimsókn.

Samstarf við Víking íþróttafélag hélt áfram og fóru öll börn af elstu deild vikulega í hreyfistund í íþróttahús Víkings.

Við erum að vinna með Leikur að læra en sú aðferð gengur út á að kennslan fari fram í gegnum leiki og hreyfingu á skipulagðan, líflegan og árangursríkan hátt. Börnin læra í gegnum leik og vinnu með þetta efni. Hljóm2 kom mjög vel út og þau börn sem skoruðu lágt að hausti tóku miklum framförum fram á vor. Foreldrar voru mjög ánægðir og finnst börnin taka hröðum framförum. Yngri börnin unnu meira með form, liti og myndir. Við notuðum Leikur að læra bæði inni og í útinámi.

Áfram var unnið með Lubba námsefnið en þó meira á yngri deildunum en þeirri elstu.



Á liðnu skólaári var áherslan meira á félagsfærni barna í bland við alla aðra þætti menntastefnunnar. Sjálfsefningin sem unnið var með árið áður var góður grunnur og börnin eru færari í samskiptum en áður. Notast var við forvarnarverkefni Barnaheilla um vináttu auk annarra verkefna. Leikefnið er fjölbreytt og börnin læra mest í daglegum samskiptum í leik og starfi.

Covid-19 hélt áfram og voru mikil veikindi á starfsfólki sérstaklega eftir áramótin. Það gekk vel að skipuleggja starfið og samstarf við foreldra var gott. Skipulagt starf breyttist ekki mikið og vorum við á undanþágu vegna smæðar leikskólans. Gátum ekki skipt okkur í hólf og aðeins eitt starfsmannasalerni í húsinu.

Við byrjuðum að vinna meira með Barnasáttmálann þennan veturinn og innleiða hann í okkar starf. Í apríl fóru leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri í ferð til Stokkhólms með hópi fólks að kynna sér vinnu með Barnasáttmálann í leikskólum. Við erum þátttakendur í þróunarverkefni um innleiðingu Barnasáttmálans með 5 öðrum leikskólum, SFS, Unicef og HÍ. Þetta er 3ja ára verkefni og hlakkar okkur mikið til.

Í maí fór starfsmannahópurinn í námsferð til Helsinki þar sem við skoðuðum leikskóla og fræddumst um starf þeirra. Þetta var einstaklega vel heppnuð og skemmtileg ferð sem gerði mikið fyrir hópinn og starfsemi okkar hér heima. Leikskólarnir sem við skoðuðum vinna allir eftir hugmyndafræði Reggio Emilia sem við höfum gert frá því ég tók við í Vinagerði vorið 2018. Við erum búin að ákveða að auglýsa okkur sem skóla sem starfar í þeim anda og eru allir starfsmenn sammála um það.

Foreldrar eru mjög ánægðir í Vinagerði og eru afar þakklátir fyrir fréttir sem sendar eru út á öllum deildum vikulega. Foreldrar hafa minna mátt vera inni í húsi en við vildum en geta þá fylgst vel með öllu sem er í gangi. Eins erum við með instagramsíðu með fréttum af starfinu sem margir eru að fylgja.

Í dag starfar metnaðarfullur og áhugasamur hópur í Vinagerði og við þurfum ekki að ráða marga nýja starfsmenn þar sem nánast allir halda áfram sem voru í fyrra sem eru frábær meðmæli.

Mig langar að þakka starfsmönnum, foreldrum og samstarfsaðilum fyrir frábært samstarf.

Harpa Ingvadóttir  
Leikskólastjóri



## 2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022

### Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Starfið og börnin	Deildarfundir	Deildarstarfsmenn	Starfið er flott á öllum deildum og börnin blómstra í leikskólanum. Mikið er um faglega vinnu og aðbúnaður með besta móti. Helst má nefna að starfsfólk tekur mjög mismikla ábyrgð og verður áhersla lögð á það næsta vetur að virkja allt starfsfólk
Starfið og samvinna milli deilda og innan skólans	Starfsmannafundir	Allir starfsmenn	Allir sammála um að starfið sé flott en samvinna mætti oft vera meiri og betri. Bæði innan deilda og á milli deilda. Heildin er samt góð og góður andi í húsinu  Að deildirnar vinni saman sem heild og sömu áherslur gangi yfir allan leikskólann. Sömu reglur í matartíma, útiveru og svo frv. en miðað við aldur barnanna.
Starfið í heild	Endurmat vetrarins á starfsdegi þar sem farið var yfir alla þætti og hvað má betur fara í því sem við erum að leggja áherslu á	Allt starfsfólk leikskólans. Fyrst innan hvorrar deildar og svo á sameiginlegum fundi	Allir sammála um að starfið sé gott og faglegt í Vinagerði. Allir þurfa að taka sig á í umgengni og samvinna mætti vera betri. Fólk ósátt við að sömu draga alltaf vagninn og aðrir halda sig til hlés
Mat barna	Viðtöl voru tekin við börnin um hvað þeim finnst skemmtilegast í leikskólanum og hvað þeim finnst ekki eins skemmtilegt	Elstu börn	Börnin fengu að tjá sig um starfið og finnst öllum gott að vera í Vinagerði. Þau komu með ýmsar hugmyndir sem reynt var að framkvæma. Eins fengu þau að koma með óskir um hvaða efnivið og leikefni þau vildu hafa í leikskólanum.

### Ytra mat

Skóla og frístundasvið framkvæmdi viðhorfskönnun meðal starfsmanna sem skilað var í lok apríl. Tilgangur könnunarinnar var að fá fram viðhorf starfsmanna til starfsumhverfis, samskipta og stjórnunarháttá. Þessar niðurstöður nýtast til að bæta mannauðsmál í leikskólanum. Könnunin var rafræn



í formi spurningarlista. Könnunin kom vel út og er leikskólinn yfir meðalskori á flestum sviðum. Nefna má að við höfum aðeins lækkað í starfsánægju en skýringin gæti verið ástandið í samfélaginu vegna faraldursins. Eins má nefna að mikið álag er vegna styttingar vinnuvikunnar sem bætist við veikindi og ekki er gert ráð fyrir afleysingum vegna hennar.

Í ár var ekki viðhorfskönnun meðal foreldra frá Skóla og frístundasviði

## Umbótaáætlun leikskólans 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun	Nýta mannauðinn sem best og nýta styrkleika hvers og eins	Vera duglegri að deila ábyrgð á starfsfólk	Leikskólastjórar og deildarstjórar	Haust 2022		Metið hvernig gengur á skipulagsdögum og starfsmannafundum	Fólk nýtur sín betur í starfi og finnur til ábyrgðar. Betri samvinna og betri andi
Námsskrá	Ný námsskrá	Gera nýja námsskrá	Leikskólastjóri aðstoðarstjóri	Haust 2022		Gera námsskrá sem gagnast í starfinu	Betra starf og auðveldara fyrir alla að tileinka sér áherslur leikskólans
Uppeldis- og menntastarf	Halda áfram að gera Reggio Emilia sýnilegra í starfinu og vinna með Barnasáttmálann	Með áframhaldandi fræðslu og stuðningi	Leikskólastjórar deildarstjórar	Haust 2022		Fræðsla og námskeið. Erasmus ferð til Bologna	Hugmyndafræðin sem við lítum til verður sýnilegri og allt starfsfólk veit út á hvað hún gengur. Börnin fá meiri gæði í námi sínu frá öllum
Mannauður/ Leikskólabragur	Að starfsfólk fái meiri leiðsögn í innleiðingu Reggio Emilia og Barnasáttmálans	Með frekari fræðslu og að dreifa ábyrgð	Leikskólastjórar deildarstjórar	Haust 2022		Viðtöl, námskeið, fræðsla	Meiri ánægja meðal starfsfólks og betra starf. Hópurinn verður meiri heild og vinnur betur saman
Fagfundir	Starfsfólk hittist og ræðir um afmörkuð málefni sem snýr að starfinu.	Reglulegir fundir og starfsfólk frá öllum deildum.	Stjórnendateymið	Haust 2022		Reglulega á starfsmannafundum	Betri samfella í starfinu. Öryggi starfsfólks er meira og allir vinna sem ein heild.



## 3 Innra mat deildar

### 3.1 Innra mat Drekkagerðis

#### Drekkagerði veturinn 2021-2022

Starf vetrarins var fjölbreytt, faglegt og mikil og góð vinna með megin námsþætti leikskólans.

#### *Leikur að læra*

Fyrir áramót náðist þetta markmið. Það var gert með því að gefa reglulegan undirbúning fyrir stundirnar. Starfsmenn sem hafa áhuga á verkefninu tóku þátt tveir starfsmenn sáu um að halda utan um stundirnar og að framkvæma þær.

#### *Fjölmennning*

Unnið var sérstaklega með fjölbreytileika, jafnrétti, minnihluta hópa og börn með sérþarfir. Notað var námsefni tengt Barnasáttmála Sameinuðupjóðanna til þess að gera þetta sýnilegt. Börnin fengu að upplifa það að setja sig í spor minnihluta hópa t.d., með því að vera hreyfihamlaður, þau prófuðu hjólastól, prófuðu að ganga um með bundið fyrir augun. Fjallað var um einhverfu. Þessari vinnu var haldið úti allan veturinn með mismunandi hætti og fléttað inn í allt starfið, í samverustundum og tengt raunverulegum aðstæðum þegar upp komu árekstrar í samskiptum milli barnanna.

Börn með annað móðurmál en íslensku.

Fánar frá þeim þjóðlöndum sem börn með erlenda foreldra héngu við innganginn fram að vorönn.

Þau komu með bækur á sínu móðurmáli.

Sungið var á öðrum tungumálum.

#### *Útinám*

Haustþema Drekkagerðis var „Farfuglar og staðfuglar“. Fjallað var um þá út frá því hvað börnin vissu um fugla þá kom fram að þau koma frá mismunandi löndum og þar fléttaðist inn samtal um fjölmenningu.

Ferð í Grasagarðinn, ferðir í Gufunesbæ, ferðir í Húsdýragarðinn ásamt tíðum ferðum í nánasta umhverfi, ferðir í Víkina, Grundagerðisgarðinn og gróðursetning í Vinagerðisgarðinn. Snjór rannsakaður og leikið með hann á marga vegu t.d., snjór og litir inni og allskonar snjóranssóknir úti og inni.

Í þessum ferðum taka börnin inn með sér ýmislegt sem þau finna og rannsaka á ljósaborði og leika með.

Byrjað var að vinna með plánetur í janúar. Börnin höfðu sýnt geimnum mikinn áhuga og hófst þá vinna sem var unnið með í þrjá mánuði. Þessari vinnu lauk um miðjan maí með heimsókn frá Stjörnu Sævari. Plánetu verkefnið kom inn á alla námsþætti leikskólans, læsi, sköpun, hreyfingu, tónlist, mál og málnotkun.



UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Læsi	Að lesa umhverfi sitt og túlka aðstæður. Auka orðaforða og málnotkun. Að virkja foreldra.	Nota félagsfærni sögur, tengja þær aðstæðum. Búa til sögupoka. Senda foreldrum vikulega hvaða bók er verið að lesa hverju sinni og hvetja þá til að lesa sömu bók heima.	Deildarst jóri ber ábyrgð og starfsfól k sem sýnir mestan áhuga.	Strax eftir að börnin eru búin að aðlagast á deildinni .	Allt skólaárið	Metið jafnóðum og í lok skólaárs. Viðtöl við foreldra.	Í fjölda sögupoka og einnig reynslu af sögunum í daglegu starfi.
Flæði/Frjáls leikur	Samfelldur leikur á svæði með viðveru kennara.	Gefa kveikju ef þarf og tíma fyrir frjálsa leikinn.	Deildastj óri og allir starfsme nn með samntali og samhæfi ngu.	Strax eftir að börnin eru búin að aðlagast á deildinni .	Allt skólaárið	Á deildarfundum með símati og endurmati að vori.	Að börnin leiki lengur í frjálsu leik á svæðum og ná skapandi flæði í leiksamskiptum og sín á milli.
Lýðræði og barnasáttmáli	Að þau læri um réttindi sín, ábyrgð og lýðræði.	Að starfsmenn læri um barnasáttmálann og lýðræði í vinnu með börnum. Að starfsmenn kynni sér um barnasáttmálann áður þau byrja að vinna með börnunum. Nota hugmyndabankann frá barnasattmali.is sem hentar fyrir þennan aldur. Gera með börnunum deildarsáttmála.	Deildarst jóri og allir starfsme nn.	Strax eftir að börnin eru búin að aðlagast á deildinni .	Allt skólaárið	Á deildarfundum símat. Endurmat að vori.	Að börnin hafi frelsi til þess að nýta og njóta réttinda sinna örugg um að það sé hlustað á þau og að þau standi á sínu





## 3.2 Innra mat Álfagerði

### Álfagerði veturinn 2021-2022

#### *Leikur að læra*

Fyrir áramót voru reglulegir LAL tímar, við vorum ýmist 2 kennarar með 6-8 barna hóp eða 1 kennari með 3-4 börn. Við byrjuðum á fyrsta staf í nafni, færðum okkur síðan í staf foreldra og seinna tengdum við stafina við dýr og aðra hluti. Eftir það var mikið farið í rím og samsett orð. Börnin voru og eru mjög áhugasöm um rím og eru mikið að ríma í daglegu tali og foreldrar hafa minnst á að þau séu mikið að ríma. Börnin voru mjög spennt að byrja LAL tímana, við settum mikla áherslu á að hafa mikla og fjölbreytta hreyfingu í LAL stund.

Það sem mætti betur fara er að finna út leiðir til þess að hafa morgunverkefni/foreldraverkefni og tengja við efni vikunnar og fá stærra rými fyrir LAL tímana. Það hafði líka áhrif að einn starfsmaður sem var búinn að þjálfa í LAL minnkaði við sig og annar fór í fæðingarorlof.

Covid smit, sóttkví og almenn mannekla höfðu líka mikil áhrif á starfið fyrstu 3-4 mánuði ársins. Þrátt fyrir þetta náðum við okkar markmiðum í íslenskukennslu en náðum ekki okkar markmiðum í stærðfræðinni.

#### *Fjölmennning*

Á Álfagerði notum við gefðu 10 og skráum niður þegar við tökum stund með barni, með tvítýngdu börnunum vorum við annaðhvort með málörvun eða leikþjálfun til skiptis. Í gefðu 10 stundum erum við annaðhvort með barninu í leik og setjum orð á athafnir, hjálpum barninu að vera í flóknara hlutverki innan leiksins, auðveldari bækur lesnar fyrir þau börn, málörvunarverkefni eða spil.

Tvítýngdubörnin tóku framfarir í málþroska.

#### *Félagsfærni*

Reynt er að mæta börnunum eftir þeirra getu við hverja athöfn, Börnin eru öll hvött til þess að reyna sjálf áður en þau biðja um aðstoð og fá hrós þegar þeim tekst það.

Í Vináttuverkefninu er unnið með tilfinningagreind, hvernig leysa á úr ágreining, í Vináttuverkefninu eru líka klípusögur af öðrum börnum í alls kyns vanda, allt frá því að einhver sé að stríða öðrum, einhver hafi slasast og umræðuspjöld um hvernig þau gætu brugðist við þeim aðstæðum

Þegar þau eru barn vikunnar eru þau mikið í sviðsljósinu og fá mikla athygli, þau mega koma með bækur á hverjum degi sem eru lesnar fyrir hópinn og eitt dót einu sinni í vikunni sem þau segja frá og sýna börnunum fyrir framan hópinn, á föstudögum taka þau svo Lúlla bangsa með sér heim og taka myndir og



skrifa nokkur orð um hvað þau gerðu um helgina. Á mánudeginum koma þau svo með Lúlla aftur og sýna okkur svo myndir af ævintýrum helgarinnar.

Bókaormur, við prófuðum nýtt verkefni sem var að biðja börnin um að lesa bók vel heima koma svo með hana og segja okkur frá sögunni.

Í matartímum settum við aukna ábyrgð á börnin, þau ráða sjálf hvar þau sitja og gera allt sjálf við matarborðið og í kaffitímum.

Það sem mætti betur fara: Ekki öll börn tóku þátt í bókaormsverkefninu

### **Lubbi finnur málbein**

Lubbastundir voru einu sinni í viku, þá eru lítil hópur barna tekinn afsíðis og 1-2 opnur lesnar fyrir börnin með mikla áherslu á réttan framburð og öll orð útskýrð vel.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Læsi	Að lesa umhverfi sitt og túlka aðstæður. Auka orðaforða og málnotkun. Að virkja foreldra.	Félagsfærni sögur, tengja aðstæðum. Spila bingó og allskonar borðspil. Að nota merkingar fyrir deildarumhverfi. Bókaormur. Veðurfræðingur. Senda foreldrum barna hvaða bók er lesin inn á deild og þau lesa hana heima (lestraátak).	Deildarstjóri ber ábyrgð og starfsfólk sem sýnir mestan áhuga.	Strax eftir að börnin eru búin að aðlagast á deildinni	Allt skólaárið	Metið jafnóðum og í lok skólaárs. Metið með deildarfundum og EFI-2 prófi, Þeir sem koma illa út úr EFI-2 fara aftur í það seinna á skólaárinu	Með símati á deildarfundum og endurmati í lok skólaárs.
Flæði Frjáls leik	Að börnin hafi val um verkefni og leikefni á svæði með viðveru kennara. Hafa morgunmatinn og kaffitíma í flæði.	Gefa kveikju ef þarf og tíma fyrir frjálsa leikinn. Kennarinn tekur fullan þátt í leik og aðstoðar ef á þarf að halda.	Deildastjóri og allir starfsmenn með samtali og samhæfingu	Strax eftir að börnin eru búin að aðlagast á deildinni	Allt skólaárið	Á deildarfundum með símati og endurmati að vori.	Að börnin leiki lengur í frjálsum leik á svæðum og nái skapandi flæði í leiksam-skiptum og sín á milli.
Lýðræði og barnasáttmáli	Að börnin kynnist grundvallareglum Barnasáttmálans. (Gr.2, 3, 6, 12)	Að starfsmenn kynni sér um barnasáttmálann áður þau byrja að vinna með börnunum, Gera með börnunum deildarsáttmála.	Deildarstjóri og allir starfsmenn.	Strax eftir að börnin eru búin að aðlagast á	Allt skólaárið	Á deildarfundum símat. Endurmat að vori.	Að börnin hafi frelsi til þess að nýta og njóta réttinda sinna örugg um að það sé hlustað á þau og að þau standi á sínu



	Að þau læri um réttindi sín, ábyrgð og lýðræði.	Nota hugmynda- bankann frá barnasattmali.is sem hentar fyrir viðkomandi aldur.		deildinni			
--	---	--	--	-----------	--	--	--



### 3.3 Innra mat Tröllagerði

#### Tröllagerði veturinn 2021-2022

##### *Leikur að læra*

Leikur að læra gekk nokkuð vel. Markmiðið var að byrja á LAL eftir áramót þegar börnin voru orðin örugg í leikskólanum og eftir að nýr deildarstjóri væri kominn inn í starfið og fram að vori. Börnunum var skipt eftir getu í 4-5 barna hópa og unnum við þar með grunninn þ.e.a.s. litina, tölurnar og stafina okkar. Markmiðið var að öll börn fengju LAL kennslustund einu sinni í viku og náðist það í flestum tilfellum. Við nýttum okkur tæknina til skrásetja kennslustundirnar og fengu foreldrar myndir af þeim í vikulegum tölvupóstum sem og í ferilmöppur barnanna.

##### *Félagsfærni*

Við höfum verið að fara eftir aldri barnsins og meta út frá því hvað við leggjum áherslu á. Við höfum lagt áherslu á það hjá öllum börnum að þau æfi sig í að klæða sig sjálf en starfsfólk er til staðar þegar þau þurfa aðstoð. Í samverustund lögðum við áherslu á það hjá öllum börnunum að þau sitji kyrr, taki virkan þátt, grípi ekki fram í fyrir þeim sem talar og fari eftir reglum um að bíða, hlusta og sitja. Í samverustund fengu þau oft að velja sér óskalag og taka oft virkan þátt í að skipuleggja samverustundina. Við lögðum áherslu á að þau fái að tjá sig í samverustund um hvað þau vilja syngja. Í gegnum alla vikuna ræðum við börnin saman og þau segja okkur frá hvað þau gerðu utan leikskólans. Við lögðum mikla áherslu á að barn vikunnar fái að aðstoða okkur við hin ýmsu daglegu störf og efli þannig sjálfsöryggi barnsins. Barn vikunnar fékk að hjálpa okkur að leggja á borð ásamt því að standa fyrir framan hópinn í samverustund og segja okkur hvað er í matinn. Á föstudögum fékk barn vikunnar að taka með Lúlla bangsa heim og á mánudögum fékk það að segja okkur frá því hvað var gert um helgina ásamt því að sýna okkur myndir frá ævintýrum Lúlla bangsa og barnsins. Við höfum lagt áherslu á að börnin læri að setja öðrum mörk og að virða mörk annarra m.a. með því að segja stopp og standa á sínu. Einnig hafa börnin verið að æfa sig í salernisferðum og því sem þeim fylgir t.d. þvo sér um hendur og nota ekki mikla sápu, þurrka sér, láta vita ef þau þurfa að fara á klósettið og flesta hafa náð tökum á þessu. Í vor byrjuðum við með hrós verkefni sem gengur út á að börnin fá stjórnun sem hvatningu fyrir góða hegðun og hefur það reynst mjög vel, börnin sækjast í að fá stjórnur fyrir hina ýmsu hegðun t.d. „Ég var duglegur að taka saman“. Í sumar ætlum við að vera duglegri að fara í lengri göngutúra í nærumhverfi leikskólans og æfa börnin í að labba saman í einum hóp.

##### *Lubbi finnur málbein*

Í vetur unnum við með málörvun í öllu starfi deildarinnar (við matarborðið, í samveru, í leik og með því að setja orð á athöfn). Í samverustundum höfum við nýtt efni Lubba t.d. sungið lögina með hljóði stafanna,



farið í hljóð stafa, fundið orð sem byrja á sama staf, rímað og klappað atkvæði orða og þá sérstaklega nafn barnanna. Einnig höfum við verið dugleg að syngja og lesa fyrir börnin, segja sögur sem og að útskýra merkingu orða. Þegar við lesum fáum við viðbrögð barnanna t.d. með að spyrja hvað gerist næst, hvað gerðist, hvað þýðir þetta.

### Fjölmennig

Í vetur höfum við unnið að fjölmenningu t.d. með því að skoða jörðina, smakka ávexti frá ýmsum löndum, hlusta á fjölbreytta tónlist, skoðað fána barnanna sem og að inni í fataklefa og á veggjum deilda hanga uppi miðar með kveðjum (góðan daginn og velkominn á mörgum tungumálum). Einnig unnum við verkefni með fánum barnanna og þekkja þau hver á hvaða fána og hvað lönd eiga fánanna. Börnunum þykir gaman að skoða og spjalla um fánana. Inni á deild erum við meðvituð um að hafa efnivið og leikföng sem höfða til allra t.d. dúkkur með alla húðliti og kyn. Við höfum nýtt fjölbreytileika í starfsmannahópnum á deildinni til að kynna aðra menningu og tungumál fyrir börnunum t.d. með því að syngja og telja. Við þurfum að vera duglegri að gefa tvítyngdu börnunum 10 mínútur (gefðu10) sem og öllum börnum

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Læsi	Stefnt er að því að börnin læri að lesa umhverfi sitt á fjölbreyttan hátt og læri að lesa tilfinningar annarra. Með því að börnin þekki hvað má og má ekki og hvers vegna. Að börnin fá tækifæri á að átta sig á mismunandi áferð og þjálfun skynfæra t.d. heitt, kalt, mjúkt og hart. Að virkja foreldra.	Með því að starfsfólk sé til staðar fyrir börnin og aðstoða þau í daglegum athöfnum. Senda foreldrum barna hvaða bók er lesin inni á deild og þau lesa hana heima (lestraátak).	Allir starfsmenn deildarinnar. Deildarstjóri hefur yfirsýn yfir verkefnum.	Strax eftir að börnin eru búin að aðlagast á deildinni.	Allt skólaárið	Samvinna, samskipti, skráningar, vinaverkefni, hrósverkefni. Ræðum á deildarfundum hvað getur farið betur og hvað má leggja meiri áherslu á. Haustönn deildaráætlun námskrá Vorönn deildaráætlun námskrá	Með símati á deildarfundum og endurmati í lok skólaárs.
Flæði/frjáls leikur	Stefnt er að flæði í leik. Að börnin hafi val um	Hafa flæði í stöðvavinnu þar sem börn leika á vissri	Allir starfsmenn. Deildarstjóri hefur yfirsýn	Í byrjun skólaárs. Strax eftir að	Allt skólaárið	Samvinna, samskipti, skráningar. Ræðum á deildarfundum hvað	Með símati á deildarfundum og



	<p>verkefni og leikefni.</p> <p>Stefnt er á flæði með klósett ferðum þ.e.a.s. að börnin fari á WC þegar þau þurfa (börn sem eru bleyjulaus).</p> <p>Hafa morgunmatinn í flæði sem og að prufa flæði í kaffitíma.</p>	<p>stöð en geta skipt um stöð ef þau óska þess.</p> <p>Morgun-maturinn í flæði. Börnin fara inná deild þegar þau hafa lokið við matinn.</p> <p>Stefnt að því að prufa flæði í kaffitíma og athuga hvaða leiðir eru færar þar. t.d. að hafa kaffitímann inni á deild.</p>	<p>yfir verkefnum.</p>	<p>börnin eru búin að aðlagast á deildinni .</p>		<p>getur farið betur og hvað má leggja meiri áherslu.</p> <p>Haustönn deildaráætlun námskrá Vorönn deildaráætlun/námskrá á</p>	<p>endurmati í lok haustönn</p>
<p>Lýðræði og barnasáttmáli</p>	<p>Að börnin kynnast grundvallareglum Barnasáttmálans (Gr.2, 3, 6, 12)</p>	<p>Að starfsmenn kynni sér um barnasáttmálann áður þau byrja að vinna með börnunum, Gera með börnunum deildarsáttmála.</p> <p>Nota hugmynda-bankann frá barnasattmali.is sem hentar fyrir viðkomandi aldur.</p>	<p>Allir starfsmenn. Deildarstjóri hefur yfirsýn yfir verkefnum.</p>	<p>Strax eftir að börnin eru búin að aðlagast á deildinni</p>	<p>Allt skólaárið</p>	<p>Samvinna, samskipti, skráningar og verkefni unninn tengd barnasátt-málanum</p>	<p>Endurmat á deildarfundum. Halda sýningu með afurð út frá verkefnum um barnasáttmálann.</p>



## 4 Innra mat sérkennslu

Sérkennsla hefur gengið ágætlega á árinu. Við höfum haft 4 börn í 2. flokki. Samvinna við utanaðkomandi þjónustuaðila hefur gengið vel. Mikilvægt er að samskiptin séu góð og upplýsingflæðið á milli stofnanna sé frekar meira en minna.

Sérkennslustjóri byrjaði í 50% starfi í maí 2021. Hún hefur haft yfirumsjón með sérkennurum, börnum og þjálfun þeirra. Við höfum reynt að leggja okkur fram í að reyna að hafa upplýsingaflæði mikið milli sérkennslu og deildar og lagt áherslu á gott samstarf allra. Þeir kennarar sem sinna sérkennslunni eru líka deildarstarfsmenn að hluta. Það er mjög mikilvægt að það sé mjög skýrt hvenær starfsmaðurinn sinni hverju. Þannig að það komi vel út fyrir alla. Bæði barnið sem á rétt á stuðningi og deildina sem heild. Það er einnig mikilvægt að deildarstjóri sé meðvitaður um þá þjálfun sem fer fram og styðji við barnið og það sé skýrt hvað eigi að gera þegar stuðningsaðili er ekki á svæðinu.

Markmið sérkennara fyrir árið var að reyna að fjölga fundum og setjast niður til að ræða sérkennsluna og þjálfun barnanna. Það hefur tekist ágætlega en ekki eins vel og við vonuðumst eftir. Ekki var alltaf tækifæri til að halda fundi. Við höldum áfram að leggja áherslu á þetta á komandi ári.

### 4.1 Mat á sérkennslu 2021-2022

<p><b>Skipulagning sérkennslu 2021-2022</b> Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	<p>Sérkennsla hvers barns var skipulögð eftir þörfum þess. Í flestum tilfellum var notast bæði við einstaklingsþjálfun í sér herbergi og þjálfun inni á deild. Atferlisþjálfun fór aðallega fram inni í sér herbergi. Félagsfærniþjálfun og leikþjálfun var aðallega inni á deild. Málörvun var bæði inni á deild og í sér herbergi. Við höfum haft menntun án aðgreiningar í huga og reynum að hafa þjálfun sem mest inni á deild og að barn sem er með stuðning taki þátt í öllu deildarstarfi sem það hefur ánægju af. Við höfum aðallega notast við Vb- mapp til skráningar og aðeins APES.</p>
<p><b>Hvaða matsgögn voru notuð?</b> Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.</p>	<p>Við notuðumst aðallega við VB-mapp, AEPS - TRAS, Efi 2, Hljóm-2, Smábarnalistann og Ofvirknikvarðann</p>
<p><b>Hvaða námsefni var notað?</b> Vorur t.d. notuð aðkeypt námsgögn?</p>	<p>Vb—mapp, bækur, púsl, bingó, spilnámsefni í málörvun frá námsgagnastofnun. myndakassar frá super duper. Orðagull. Hljóðefni t.d. spotify, storytell og youtube. Okkur fannst mjög gagnlegt að skoða fjölbreytt kennsla.is og málörvun.com.</p>

### 4.2 Umbótaáætlun sérkennslu 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Upplýsingastreymi Milli deildar og sérkennslu	Betri og jákvæðari samskipti.	Fleiri fundi. Koma inn á deildarfundum og fara yfir stöðuna.	Sérkennslustjóri og deildarstjóri	Strax eftir að börnin eru búin að	Allt skólaárið	Fundagerðir á öllum fundum	Meiri ánægja og betri samvinna. Togstreita minnkar milli deildar og sérkennslu



	Koma í veg fyrir óþarfa ágreining	Upplýsingagjöf til nýrra starfsmanna		aðlagast á deildinni			
Betra skipulag á námsgögnum sérkennslunnar	Auka aðgengi að gögnum. Tímasparnaður	Gera yfirlit yfir þau gögn sem við notum og hvað er til í leikskólanum	Sérkennslustjóri. Sérkennarar	Strax eftir að börnin eru búin að aðlagast á deildinni	Allt skólaárið	Samráðsfundir	Meiri ánægja og tímasparnaður. Sjálftraust sérkennara eykst
Meira samráð milli sérkennara og aukið eftirlit með þjálfun	Meiri samvinna og betri þjálfun barnanna	Vikulegir samráðsfundir. Samantekt á þjálfun á tveggja vikna fresti	Sérkennslustjóri	Strax eftir að börnin eru búin að aðlagast á deildinni	Allt skólaárið	Fundir skráðir. Farið yfir á mánaðar fresti.	Betri þjálfun og meiri öryggi sérkennara

## 5 Innra mat – fjöltyngd börn

### 5.1 Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2023

Á liðnu skólaári voru 19 tvítyngd börn í leikskólanum, 9 börn með báða foreldra af erlendum uppruna og 10 börn með annað foreldrið af erlendum uppruna. Unnið er á öllum deildum með orðaforða og er málörvun stór þáttur í starfinu. Mikið er lesið, sungið og orð notuð með athöfnum. Unnið var með „Gefðu 10“ á öllum deildum.

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Fjármagni hefur verið notað til að auka starfsmannahlutfall á deildum með málörvun tvítyngdra barna að leiðarljósi.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Lögð er áhersla á að nota „Orð með athöfn“ „Gefðu 10“ og „Tákn með tali“. Lesið er fyrir börnin daglega bæði í hópum og einstaklingslega. Aðgengi að bókum er gott á öllum deildum. Sungið er daglega með börnunum. Eins er „Lubbi finnur málbein“ og „Leikur að læra“ notað á deildum
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Farið er í gegnum texta bóka og rætt um orð sem er ný fyrir börnin. Spjallað við börnin í samverustundum og þau hvött til að tjá sig með orðum. Verkefni unnin upp úr bókum á elstu deild.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Fylgst er með framförum barnanna og gripið inn í þegar vart verður við að börnin fylgi ekki jafnöldrum eða hafa staðnað í framförum. Staða allra barna var skoðaður með EFA og TRAS





Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Horft er á hvern styrkleika og áhuga hvers barns og unnið út frá því. „Gefðu 10“ er notað með öllum börnum. Börnin eru kvött til að nota ritmál t.d. að skrifa nafnið sitt.
--	---

## 5.2 Umbótaáætlun –fjöltyngi 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Samskipti við foreldrum tvítýngdra barna.	Auka upplýsingaflæði milli heimilis og skóla	Nota eyðublaðið „Tvítýngt barn ,bakrunnsupplýsingar “ Bæta eyðublaðinu við fyrstu upplýsingar til og frá foreldrum í upphafi aðlögunar. Að þýða orðsendingar frá leikskólanum. Að tilkynningar og upplýsingar til foreldra séu á fleiri málum en íslensku	Deilda r-stjóri	Í upphafi aðlögunar.	Allt skólaárið	Foreldraviðtöl í haust og vor.	Ánægju foreldra og jákvæð samskipti.
Staða barna í íslensku	Fylgjast betur með íslensku barna og málþroska þeirra. Hvernig er barnið stadd í sínu eigin móðurmáli.	Nota hæfnisramma fyrir fjöltýngd börn í leikskóla. Nota TRAS.	Deilda rstjóri	Strax eftir að börnin eru búin að aðlagast á deildinni	Allt skólaárið		Að börnin læri fyrir að læra íslensku og hún nýtist þeim í námi og leik með öðrum börnum
Auka málörvun tvítýngdra barna.	Markviss málörvun	Mynda litla leshópa (2-4). Skipta lesefni út frá málþroska barna. Spila orðabingó, myndrænt dagskipulag og námsumhverfi. Nota orð í öllum samskiptum í hádegismat, í fataherbergi, í leik.	Deilda r-stjóri	Strax eftir að börnin eru búin að aðlagast á deildinni	Allt skólaárið	Einu sinni á dag. Taka TRAS í upphafi skólaárs og loks vorannar	Aukinn orðaforði



## 6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl fóru fram í mars og einhver í apríl. Notast var við snerpusamtöl og gengu þau mjög vel og er starfsánægja mikil. Flestir verða áfram í Vinagerði. Mikið er lagt upp úr að gott aðgengi sé að stjórnendum allt árið um kring og getur fólk komið ef því liggur eitthvað á hjarta. Eins er rík áhersla lögð á góð samskipti milli starfsmanna. Starfsfólk hittist reglulega á deildarfundum og eins eru reglulegir deildarstjórafundir með stjórnendum.

Símenntun fór fram í formi fyrirlestra og námskeiða sem oftast voru halda hér á skipulagsdögum.

### ***Haustönn 2021***

24. september – komu Pétur og Sigyn frá Unicef með fyrirlestur um Barnasáttmálann.

19. nóvember – kom Emma Rafnsdóttir frá SFS - Innleiðing Barnasáttmálans – Lýðræði.

### ***Vorönn 2022***

24. janúar – kom Margrét Sigurðardóttir með fyrirlestur og hópavinnu um hvatningu og starfsánægju.

22. mars – komu Guðrún Alda og Hörður frá Leikskólanum Aðalþingi með fyrirlestur og umræður um hugmyndafræði Reggio Emilia og umræður um hvers vegna við veljum okkur að starfa með börnum.

27. maí – starfsdagur í Helsinki þar sem hópurinn kynnti sér starf á leikskólum sem vinna í anda Reggio Emilia annars vegar og hins vegar skóla sem notar útinám sem grunn í sínu starfi.

28. maí – hópurinn sigldi með ferju í eyju fyrir utan Helsinki og skoðaði þar skemmtilegt leikfangasafn.

3 starfsmenn voru eftir heima á Íslandi og heimsóttu leikskólann Geislabaug fyrir hádegi sem vinnur eftir hugmyndafræði Reggio Emilia. Eftir hádegi heimsóttu þau leikskólann Lyngheima þar sem meðal annars er unnið með sögupoka í tengslum við læsi.

30. maí – Hittust allir í Vinagerði og sögðu frá upplifun sinni og við ræddum hvað við vildum taka og færa inn í okkar starf.

Í apríl fóru leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri í ferð til Stokkhólms með hópi fólks að kynna sér vinnu með Barnasáttmálann í leikskólum. Við erum þátttakendur í þróunarverkefni um innleiðingu Barnasáttmálans með 5 öðrum leikskólum, SFS, Unicef og HÍ. Markmiðið með þátttöku okkar er að verða Réttindaskóli eftir 3 ár. Frábær ferð í alla staði og mjög vel skipulögð.

Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri sóttu auk þess námskeið sem haldið var á vegum SFS sem nefnist „Leiðtogi framtíðarinnar er teymið“ og var haldið í nokkur skipti aðallega á Teams vegna Covid.



## 7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Fundur var haldin á Teams að hausti með Breiðagerðisskóla, Sólbúum og tveimur öðrum leikskólum, Jörfa og Garðaborg. Gerð var áætlun fyrir veturinn en vegna Covid-19 var ekkert um heimsóknir hvorki frá þeim né okkur til þeirra nema í vor. Í byrjun júní fóru 4 börn sem fara í Breiðagerðisskóla í heimsókn og gengið var um skólann með skólastjóranum. Einnig náðist að heimsækja Frístundaheimilið Sólbúa í vor.

Skilafundir eru að vori þar sem deildarstjóri og leikskólastjóri hitta skólastjóra, umsjónarkennara, sérkennara og forstöðumann frístundaheimilis og farið er yfir barnahópinn. Þær upplýsingar sem fylgja eru niðurstöður úr HLJÓM-2 prófum og útfyllt eyðublað „skil milli leikskóla og leik- og grunnskóla og farið er yfir helstu styrkleika, vinatengsl og þá þætti sem þarf að vinna sérstaklega með. Kennarar Breiðagerðisskóla hafa leitað ráða hjá leikskólakennurum og stuðningsaðilum að hausti til þess að geta stutt betur við nemendur í upphafi grunnskólagöngu.

## 8 Foreldrasamvinna

Þáttökuaðlögun er í Vinagerði þar sem foreldrar eru fyrstu 3 dagana að lágmarki með börnum sínum í aðlögun. Þarna gefst gott tækifæri til að kynnst foreldrum og þá að kynnst starfsfólki og öðrum foreldrum. Nýir foreldrar fá kynningarbækling með helstu upplýsingum um skólastarfið. Í aðlögun í haust urðum við að biðja foreldra að vera með grímur og gæta fyllstu sóttvarna. Aðlögunin gekk vel og foreldrar ánægðir. Eftir þetta máttu foreldrar ekki koma inn í skólann sem var mjög erfitt þar sem þeir náðu ekki að kynnst starfinu og starfsfólkinu eins vel.

Deildarkynningar voru haldnar fyrir hverja deild í september. Þar var farið yfir helstu áherslur á hverri deild fyrir sig og veittar hagnýtar upplýsingar.

Opið hús á degi leikskólans féll niður eins og margt annað þennan veturinn. En í vor eftir að takmarkanir voru felldar niður ákváðum við að halda opið hús og það var mikið gleði hjá foreldrunum að koma inn í hús og skoða verkefni barnanna.

Vikulega eru sendir tölvupóstar á alla foreldra frá deildarstjórum með fréttum liðinnar viku, ljósmyndum og skráningum. Við notum forritið Sway og er mikil ánægja með þetta hjá foreldrum og um leið tengir þetta heimili og skóla. Þar sem foreldrar komu ekki inn í skólann var þetta nauðsynlegur þáttur í að halda þeim upplýstum auk þess sem gaman er fyrir starfsfólk að halda utan um starfið og sjá hvað mikið er gert í hverri viku.

Samskipti eru einnig á samfélagsmiðlum eins og Facebook síðu foreldra en engin persónugreinanleg gögn fara þar inn. Erum með Instagramsíðu sem færir foreldrum og öðrum fréttir af starfinu og er passað upp á að ekki sjáist í andlit barnanna. Foreldraviðtöl voru haldin tvisvar á öllum deildum að hausti og vori.



Stutt spjall að hausti sem fór fram á Teams en ítarlegra viðtal að vori og við leyfðum foreldrum að ráða hvort þeir kæmu með grímu eða fengju viðtal á Teams. Flestir völdu að koma í hús. Við notum alltaf tulkapjónustu þar sem við á.

Í foreldraráði sitja 3 fulltrúar og hafa samskiptin eingöngu verið í gegnum tölvupósta í vetur. Góð samskipti eru við alla fulltrúa og hefur verið mikill stuðningur frá þeim.

Í foreldrafélaginu sitja 6 fulltrúar en enginn aðalfundur var haldin í húsi í ár. Foreldrafélagið kom að jólaskemmtun, útskriftarferð og skipulögðu svo flotta sumarhátíð með okkur sem var haldin í byrjun júní. Foreldrar komu á sumarhátíðina og var mikil gleði með það þegar allir hittust og nutu dagsins í góðu veðri. Þökkum foreldrafélaginu fyrir frábært starf.

Foreldrum hefur verið boðið í aðventukaffi, feðrum og öfum á bóndadaginn í bóndagraut og mæðrum og ömmum daginn eftir konudaginn. Afar og ömmur hafa einnig fengið sinn dag. Ekkert varð af neinu af þessu þennan veturinn vegna ástandsins.

## 9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar skólaárið 2022-2023 verða 6 talsins eins og hér segir.

22. september

21. október

18. nóvember (sameiginlegur í hverfi)

15. mars (sameiginlegur í hverfi)

19. maí (sameiginlegur í hverfi)

22. maí

Leikskóladagatal 2022-2023



## 10 Fylgigögn

### Fylgiskjal 1

# Starfsáætlun 2021 – 2022 Leikskólinn Vinagerði

## Umsögn foreldraráðs



### Foreldraráð leikskólans skipa:

Ásta Kristín Knight Þorsteinsdóttir

Brynja Briem

Úlfhildur Guðjónsdóttir



## Umsögn foreldraráðs vorið 2022

Foreldraráð hefur lesið yfir og hér með samþykkt starfsáætlun leikskólans Vinagerðis fyrir skólaárið 2022-2023.

Starfsáætlunin er fagleg, metnaðarfull og vel unnin og endurspeglar það góða starf sem fram fer á leikskólanum og upplifun foreldra af starfinu.

Vegna ástands í samfélaginu vegna Covid hafa foreldrar ekki komið jafn mikið inn á leikskólann og önnur ár og hefðbundnir viðburðir fallið niður eða haldnir án þátttöku foreldra. Starfsfólk bætti það vel upp með vikulegum fréttabréfum frá deildunum og með að nota samfélagsmiðla til að sýna úr starfi skólans. Þetta eykur tengsl milli heimilis og skóla og foreldrar fá þannig góða innsýn í starfið, ekki síst vegna mikils og góðs myndefnis. Starfsfólk á hrós skilið fyrir að gæta vel að persónuvernd barnanna, það er vel að því staðið að sýna frá starfinu án þess að sýna andlit barnanna á opnum miðlum. Í vor var haldin árleg sumarahátíð á vegum foreldrafélagsins og mikil gleði meðal allra sem að koma að hittast aftur og fagna saman.

Verkefni svo sem Lubbi, Gefðu10, og Leikur að læra halda áfram í starfinu og við hefur bæst nám um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem er afar áhugavert verkefni. Fjölmenningu og fjöltyngi er gert hátt undir höfði og er það vel.

Það er ánægjulegt að sjá í starfsáætlun séu dregin fram atriði sem vinna má með og betrumbæta. Það sýnir að ekki einungis sé unnið með styrkleika heldur einnig með það sem betur má fara og að rýnt hefur verið til gagns.

Helsti auður leikskólans Vinagerðis er mannauðurinn. Foreldrar sjá að það er festa í starfinu og stöðugleiki í starfsmannahópnum og gott viðmót sem mætir börnum og foreldrum. Það er sýnilegur hluti af þeirri sterku heild sem einkennir starfið á Vinagerði.

Reykjavík, ágúst 2022  
Foreldraráð Vinagerðis

Ásta Kristín Knight Þorsteinsdóttir  
Brynja Briem  
Úlfhildur Guðjónsdóttir

F. h. leikskólans  
Reykjavík 30.08.2022

Harpa Ingvadóttir  
Leikskólastjóri



